




Móbergsvinnsla í Þorlákshöfn

Íbúafundur í Þorlákshöfn | Fundarstjóri Þorsteinn Víglundsson
15.11.2022


1.

Hvað stendur til?






Móbergsvinnsla á 55 þúsund fm lóð á iðnaðarsvæði Þorlákshafnar.




Móberg sótt í námur í nágrenni Þorlákshafnar, malað til útflutnings og notkunar í sementsframleiðslu.



Engin teljandi hljóð-, lyktar- eða umhverfismengun fylgir vinnslunni.



Stefnt er að lokaákvörðun um verkefnið um mitt ár 2023.



2.

Hvað er Heidelberg Materials?

- ✓ **Stærsti framleiðandi steinefna, næst stærsti framleiðandi sements og þriðji stærsti framleiðandi steinsteypu á heimsvísu**
- ✓ **Með starfsemi í 60 löndum og 63,000 starfsmenn sem starfa á 3.000 starfsstöðvum víða um heim**
- ✓ **Meirihlutaeigandi í Hornsteini sem á og rekur B.M. Vallá, Björgun og Sementsverksmiðjuna**





3

Af hverju á að fara í
þetta verkefni?



Mikilvægur hluti af stefnu Heidelberg á kolefnishlutleysi



1

Heidelberg Materials verður fyrsti sementsframleiðandi í heimi til að nýfanga og farga koltvísýring og helminga þannig losun frá framleiðslu sinni í Brevik í Noregi. Í Slite í Svíþjóð er unnið að fyrstu kolefnishlutlausu sementsverksmiðju í heimi.

2

Þróun nýrra íauka í sement sem komi í stað flugösku. Flugaska er á útleið vegna verulegrar fækkunar kolaorkuvera í Evrópu. Mölun móbergs á Íslandi er þar lykilverkefni.

3

Mikil áhersla er lögð á orkuskipti í flutningum Heidelberg á sjó og landi. Meðal þess sem unnið er að er þróun vetnisskips til flutninga fyrir verkefnið til og frá Íslandi.

4

Aukin nýting hringrásarlausna í framleiðslu á steinefnum og steinsteypu. Enduvinnsla á steypu- og jarðefnaúrgangi og endurnýtanlegar steinsteyptar húseiningar – Hringrásarhús, er meðal verkefna sem unnið er að.



- ✓ Til að lækka kolefnisspor sementsframleiðslu
- ✓ Notkun móbergs getur lækkað kolefnisspor sements um allt að 20%
- ✓ Verkefnið myndi leika lykilhlutverk í minnkandi kolefnisspori Heidelberg Materials á næstu árum



- ✓ Móberg er í eðli sínu náttúrulegt efni og ekki mengunarvaldur
- ✓ Framleiðsla fer fram í lokuðu kerfi og veldur ekki foki, hávaða eða lykt
- ✓ Áætlanir miða að því að lágmarka álag eða tafir í vegakerfi



Tölur



1

Notkun malaðs móbergs í sementsframleiðslu mun lækka kolefnisspor þess um allt að 20% og til athugunar að ná enn lengra með íblöndun þess í sementframleiðslu.

2

Framleiðsla á 1 milljón tonna af möluðu móbergi lækkar kolefnisspor sements um allt að 850 þúsund tonn.

3

Það samsvarar um 17% af heildarlosun Íslands og um 90% af heildarlosun vegna vegasamgangna.

4

Þrjár milljónir tonna af möluðu móbergi myndu þannig spara sem næmi um helmingi af heildarlosun Íslands.



4

**Af hverju
Þorlákshöfn?**



- ✓ Ótvíræðir kostir hvað varðar innviði, legu og mannauð
- ✓ Gott hafnarsvæði og landsvæði sem ætlað er fyrir iðnaðarstarfsemi
- ✓ Móberg til staðar í miklu magni í nálægum námum. Leyfi þegar til staðar
- ✓ Öflugt og nútímalegt sveitarfélag með miklum mannauði





Lambafell

Hveragerði



Litla-Sandfell



Heidelberg Materials

Þorlákshöfn



Iðnaðarsvæði


5.

**Hvernig mun
verksmiðjan líta út?**



- ✓ Óumflýjanlegt vegna eðli starfseminnar að byggingar verði áberandi í landslagi Þorlákshafnar
- ✓ Hönnun á frumstigi en miðast að því að byggingar falli vel að umhverfi sínu og nýtist íbúum eins og kostur er
- ✓ Samráð við íbúa og frekari kynningar á hönnun á næstu stigum





6

Hver er
ávinningurinn fyrir
sveitarfélagið og
nærsamfélagið?



- ✓ Veruleg jákvæð efnahagsleg áhrif fyrir Ölfus
- ✓ 60-80 ný störf í Þorlákshöfn
- ✓ Aukin umsvif vegna kaupa á vörum og þjónustu af nærsamfélaginu
- ✓ Stórauknar tekjur fyrir sveitarfélagið og hafnarstjórn með sköttum og gjöldum



- ✓ Heidelberg Materials styður íþrótt-, tómstunda- og menningarstarf í nágrenni sínu
- ✓ Fyrirsjáanleg íbúafjölgun með tilheyrandi auknum tekjum fyrir sveitarfélagið
- ✓ Vilji til að tengja svæðið og umhverfið sem best, með hag nærsamfélagsins í huga



” **Bolmagn og tengsl til staðar og samstarfsaðilar þess eðlis að ef góðar niðurstöður fást verða þær hagnýttar á stórum skala. Mikill fjárhagslegur og umhverfislegur ávinningur ef vel tekst til.**

Úr umsögn fagráðs Tækniþróunarsjóðs um verkefnið

Spurningar og umræður





Heidelberg
Materials